# *Dagbók* með frásögnumaf stjórnmálum á Vesturlandi og víðar, einkum Framsóknarflokknum. Helstu persónur: Vigfús, Hjálmtýr, Bjarni Ásgeirsson, Hervald Björnsson, Daniel á Hreðavatni Jón Pálmason, Hermann Jónasson, Jón Ívarsson o.fl. Ritari óþekktur, en kunnur aðstæðum

Bjarni Benediktsson – *Dagbók* með frásögnumaf stjórnmálum á Vesturlandi og víðar, einkum Framsóknarflokknum. Helstu persónur: Vigfús, Hjálmtýr, Bjarni Ásgeirsson, Hervald Björnsson, Daniel á Hreðavatni Jón Pálmason, Hermann Jónasson, Jón Ívarsson o.fl. Ritari óþekktur, en kunnur aðstæðum

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmálamaðurinn

Askja 2-1, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# RECORD BOOK

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kom að Hreðavatni og
fjölaði á Bensín og hitist
Vigfús Hreðavatni sagði snarlega
í dyrunum afgreiddi mig
fljótt og vel með breiðubrosi
vísaði bílstjóranum í
veitingasalinn en bauð
mér inn á sína einkaskrifst.
og spurði mig tíðinda að
sunnan og sagðist ég fá
kunna því ég kæmi vestan
úr dölunum svo ég hefði
ekki spánýjar fréttir enn
eitt sagðist ég geta sagt honum
að Eysteinn og Bjarni væru
staðráðnir í að losna við
þá báða frá Tímanum (Hjálmtý og Vigfús)
Fyrst yrði Hjálmtýr rekinn frá
Tímanum og þarnæst flokknum
og sömuleiðis yrði hann látinn
fara sömu leið alt samkvæmt
skýlausri kröfu h/f „Heljörð"
því eins og Eysteinn hefði sagt
þá ynni hann að því skipu-
lega að grafa undan Bjarna
Ás í Mýrasýslu og drægi saman
lið að Hreðavatni í beinu
sam forboði Bjarna og hefðu
þeir sézt þar Vigfús og
Hervald Björnsson að sumri saman
einskonar Grábrókarstein
sem þeir ætluðu svo að hengja
núverandi ráðherra flokksins
í. Vigfús fullyrti við mig að
hvorki Bjarni eða Eysteinn
gæti rekið sig frá Tímanum
eða Hjálmtý ef hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vigfús vildu annað til þess
hefðu þeir ekki ~~fy~~ fylgt
eða fé því ef það yrði borið undir
fund yrði það fellt. Enn
ég skil vel afstöðu Bjarna
Ásgeirssonar því ef hann
missir sæti í núverandi stjórn
verður hann sjálfur gjaldþrota
enn Vigfús taldi að flokksm.
framsóknar gætu nú þegar
á þessu ári valið á milli
gjaldþrots Bjarna Ásgeirssonar
og tilveru flokksins og því
ég hafi persónulega stutt mest
að því að koma Bjarna Ás.
á þing og ber því dálitla ábyrgð
á honum gagnvart þjóðinni
og sýslubúum hér í Mýrasýslu
verð ég því að taka velferð
flokksins fram yfir Bjarna
það er satt að hér í Hreðavatni
voru samankomnir 60 bændur
framsóknarmenn og vorum
við sammála að núverandi
stjórnarsamvinna stefnir að
eyðingu framsóknarflokksins
og beri okkur að andæfa
þrátt fyrir hótanir eiganda
b/s "Million" og fleiri [illegible]
og Morgs. tala nú við mig
í nýju línu eða Grábrókarlínu
hvað sem þeir vilja kalla það
sem ég sje að mynda Hermann
er alveg í þessi línu og ég
get sagt þér í trúnaði að
Kristjón í Sambandinu er með
mér og sammála í flestu

Það gladdi mig mjög að Tíminn
birti mynd af honum og lýsti
hann mjög hana og las nú
og gaf mér í skyn að þetta
væri vegna áhrifa frá honum
og get ekki ennþá fyrir-
gefið sjálfum mér að hafa
vegið að Kristjóni svo sagði
hann mér aftur söguna um
þátt þann sem hann átti
í forframanum Kristjóns. Sömu-
leiðis sagðist hann harma
fráfall Jónasar því með honum
hefði flokkurinn framsóknar.
þolað, súrt og sætt og barist
í blíðu sem stríðu og enga
ósk átti hann heitari enn það
hefði getað haldist og samt
betur fer er ekkert illt á
milli mín og Jónasar
einungis málefnaágreiningur
um afstöðu til kommúnismans
Hallur spurði mig um
hvort ég hefði heyrt hvernig
Jóni Pá lagði orð til sín
og sagði ég það vera í besta
lagi og myndi hann vilja
vinna með honum að
myndun [illegible] vinstri
blokkar. Til dæmis lagi altaf
hjá Valtý og fengist ekki birt
grein um hann (Vatna) og hans
stefnu innan framsóknar
flokksins væri það dregið fram
höfuð ágreiningsmál flokkanna

Vigfús sagði mér að nú ætti
að fara að halda fundi og
hefði stuðningsmenn Bjarna
hvíslað að Eysteins mönnum
því þeir efuðust að
Bjarna yrði trúað svo
þeir gert að og skyldi
viss áhrif hér og myndi
ég geta ýmislegt í
félagi við Jón. Á einn
annan hátt gerðum við að
vera hver í sínum flokki
Pétur Gunnarsson taldi hann
vissan undir þessum
kringumstæðum. Svo er mér
ekkert fjær skapi en efna
til klofnings í Framsóknar-
flokknum, en ég tel það réttlátt
ef flórinn er fullur að moka
honum út á tún nágrannans
en rækta illgresi í eigin
túni

Daníel á Ölvedavatni [?] er ofstopa
maður og vandræða nágranni
sér ofsjónum yfir ýmindaðri
velgengni minni og vill mig
burtu úr héraðinu og helst
ef mögulegt væri að eyðileggja
mig fjárhagslega til þess var
1/4 milljón eftirsett, þó öðruvísi
færi um þá spekulasjón en
ætlað var. Ég er nú á förum í
haust en kem aftur með vori
Ég mun aðstoða við ritstjórn
Tímans í vetur og sjálfsagt
verða á sínum stað hvað svo
sem Bjarni Ásgeirsson segir eða
gerir

Daníel hefir gert mjer marga
skráveifu þar á meðal barnaði
hann ráðskonuna fyrir mér
eftir því sem hún staðhæfði
og hann meðgekk. Ég vildi
fá að meðganga barnið en
fékk ekki sökum áróðurs
frá Daníel. Síðan reyndi hann
að lokka hana frá mér sem
þó ekki tókst og var hann
þó annari bundinn. Skildi
svo við hana úti gaddi [?]
með barnið svo ég varð
að taka hvorutveggja upp á
mína arma og keypti
íbúð á Melunum fyrir 90.000
handa henni og barninu
hefi svo sjálfur 1 herbergi
hjá henni og læt leiguna
ganga upp í afborgunum
af íbúðinni án þess að fá
að njóta þeirra unaðsemda
sem sambúð við laglega
stúlku veitir manni á
mínum aldri. Nú langar
mig til að sigla með hana
til Nissa þegar líður á vetur
því við erum bæði blóðlaus
og þreytt og njóta endur-
næringar hinnar suðrænu
sólar á strönd Miðjarðarhafs
Þórður bróðir Daníels er
lítið betri og liggur alltaf
í stelpunum hjá mjer
en hann má eiga börn
svo mörg sem hann vill
með þeim og hefi aðvarað
þær og kaupi ekki fleiri

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

íbúðir handa börnum
bræðranna frá Hreðavatni.
Jón Ívarsson hefir samþykkt
að fara í framboð í Austur-
Skaftafellssýslu ef Páll Þorsteins
þverskallast ekki. Þó getur
verið að Páli verði boðið embætti
~~hjer~~ í Reykjavík og hefir Hermann
gert þá kröfu til bygginns(?)
því Skaftfellingar vilja alls
Jón eins hafa þó Kasið(?)
Pál útilokaðir(?). Bjarni Ásg.
kemur illa fram við
Jón Ívarsson og gerir alt sem
honum sýnist þó það komi
Jóni illa til dæmis leigði
hann Kartöflukjallarana
af Jóhannesi Helgasyni þvert
ofan í vilja Jóns fyrir offjár
sem nú er orðið þjóðfrægt
Hermann er aftur drengur
góður og hlýr við Jón Ívarsson
enda mun hann ætla
honum ráðherraembætti.
Þegar hann myndar stjórn
aftur og taldi Hermann að
þess yrði ekki langt að
bíða því núverandi stjórnar-
samstarf væri alt í upp-
lausn og gæti raunveru-
lega engin tekið við annar
en Hermann sósíalista-
flokkurinn hefði boðið honum
samstarf og hefði hann
von á velvilja hjá nokkrum
Vinstrisinnuðum mönnum
í sjálfstæðisflokknum til dæmis
Jóni Pálmasyni ofl. ef alt
kæmist í óefni með stjórnar-
myndun sömuleiðis hefði
hann altaf 3 Jafnaðarmenn
trygga. Við erum að
hugsa um að breyta til
með tímanum og taka hann
úr höndum hægrimanna
flokksins svo hægt verði að
skapa hreinni línu í
ömálefnum flokksins
Jeg spurði hann um
hvað hann segði um Pál
Zóf hvort hann væri ekki
tryggur. Eins Vegfús vildi
lítið ~~segja~~ upp sér honum
hann væri bæinn að fá
dellu í samband við Jónas
sem hann væri altaf að
berjast við innan flokksins
og sæi hann alstaðar
í öllu þó allir vissu að
hann kæmi þar hvergi
nálægt ~~þó allir vissu að~~
hann kæmi ekki einusinni
á flokksfund og ef nokkur
hefði búið til svörtulistann
þá gæti eg helst búist
við að það væri Páll því
hann er genginn í barndóm
Hann sagði til dæmis að
hann hefði verið að leita
samskota innan flokksins
handa Kerlingu í Bakka-
firði til að kaupa handa
henni húsnæði(?) í Reykja-
vík Hermann sagði honum
að hann teldi þetta ekki
flokksmál og bannaði Páls

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vera að þessu
Ólafi Thors sagði Vegfús vera
vandræðamál þjóðarinnar
lýðskrumari og siðleysingi
og myndi þjóðin lengi
minna eftir hans óstjórn
og mjer er alveg ráðgáta
hvernig hann fer að
því að blekkja Íslendinga
þrátt fyrir augljós axar-
sköft og margendurtekin
og við vinstri menn í
Framsókn munum aldrei
vinna með þeim manni
Hermann hefir sagt
mjer að hann sje enginn
stjórnmálamaður bara
lýðskrumari aftur telur
Hermann Jón Pálmason
ágætan mann og líklegan
til samstarfs vegna þess
að hann sje frjálslyndur
vinstri maður og lýðræðissinni
og hafi mikil áhrif meðal
bænda við erum nefnilega
að hugsa um að slíta
hann frá Ólafi Thors og
með honum verða allir
bændaþingmennirnir nema
Pétur Ottesen enda kærum
við okkur ekkert um hann
Jóni er líka illa við Pétur
Jeg tel persónulega að
flokkurinn hafi ráð á
að missa Bjarna Ásgeirsson
jafnvel þó Pétur fengi
kjördæmið því það er

alt af hægt að sýna honum
í tvo heimana ef hann
gerði ekki gagn Pétur er ekkert
stórveldi hér á þinginu
og alt af hægt að fella hann
aftur og ekki legg eg stein
í götu hans nú eins og ástatt
er ~~nú~~ í Framsóknarflokknum
Vegfús sagði mér að
Hervald Björnsson væri mikið
ánægður með Bjarna Ás.
teldi hann tapaðan sem
vinstrimann og teldi hann
mikið betri frambjóðanda
fyrir Framsókn en Bjarna
Samtalinu lauk með því
að Vegfús bað mig bera
kveðju til ~~og~~ okkar sameigin-
legra vina í Reykjavík
og vildi ekki taka við
borgun frá mér fyrir veitingar
nær sem eg fjekk sömuleiðis
tók hann af mjer og ekki
bensínmiða því hann
sagðist ekki vera búinn
að gera fullnaðarskil
og kvaddi mig með
mikilli vinsemd

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magnus Gunnlaugsson
Ósi
Hrofbergshreppi
Magnus Steingrímsson
Hólm Hrofbergshr
Halldor Jonsson
Stað
Hrofbergs
Sig Gunnlaugsson
Flokkanesi
Hrofbergs
Loftur Gunnlaugsson
Bólstað Kaldrananan
Johann Askelsson
Bessastöðu Kald
Jon Bjarnason
Skarði
Ingim Ingim
Svanshóli
Matthías Helgason
Kaldrananesi
Ingim Guðmundsson
~~Kot~~ Kaldrananesi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldor Gudmundsson
Bæ
Kaldrananesh.

Gudm. Pr. Gudmundsson
Bæ
Kaldrananesi

Gudm. Johansson
Hólmavík

Jónatan Benediktsson

Gudbjörn Björnsson

Daniel Olafsson
Trollatungu
Kirkjubólshr. Str.

Gudm. Björnsson
Hólmvik

Stefan Pálsson ~~Bjarnason~~
Víðidalsá
Hólmv.

Sira Jón Brandsson
Kollafjarðarnesi
Kirkjub.

Finnbogi Finnbogason
Hlíð
Fellsshreppi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helgi Skúlason
Guðlaugsvík
Bæjarhrepp

Ólafur Ólafsson
Borgum
Bæjarhrepp

Jóhann Jónsson
Litluhvalsá
Bæjarhreppi

Jón Gunnarsson
Kaupfjelagið
Borðeyri
Bæjarh.

~~Bjarni Þórðarson~~

~~Bjarni Þorsteinsson~~
Lyngholti

Jón Jósepsson
Melum
Bæjarhreppi

Bjarni Þorsteinsson
Lyngholti
Bæjar

Sveinn Guðjónsson
Borðeyrarbær
Bæjarhreppi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur